

ALGENGUR FERILL TJÓNAMÁLA

1. Tilkynning frá eiganda

Meðferð máls hefst þegar tilkynning berst um tjón til NTÍ.

2. Sent í tjónamat

Tjónamat fyrir NTÍ er unnið af óháðum og óvilhöttum matsmönnum sem starfa sjálfstætt. Í þessum atburðum koma matsmenn frá verkfræðistofunum Eflu, VSÓ, Mannvit eða Verkís.

3. Vinnsla matsgerðar

Eftir að tjónamat hefur verið framkvæmt skrifa matsmenn matsgerð og skila til NTÍ. Algengt er að vinnslutími matsgerða sé 3-5 vikur.

4. Niðurstaða kynnt

Þegar matsgerð hefur borist NTÍ er hún send eigendum eignarinnar til kynningar. Eigendur fá tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum um efni og niðurstöðu matsgerðar áður en ákvörðun er tekin um bótaskyldu og bótafjárhæð.

NTÍ fer yfir innsendar ábendingar og metur hvort ástæða sé til endurskoðunar á fyrirliggjandi niðurstöðu í ljósi þeirra.

5. Ákvörðun og uppgjör

Þegar eigendum hefur gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri tekur NTÍ ákvörðun um greiðslu tjónabóta.

Tjónþola ber að nota váttryggingarbætur til að gera við húseign sem hefur orðið fyrir tjóni vegna náttúruhamfara eða til að endurbyggja hana. Heimilt er að veita undanþágu frá viðgerðar- og byggingarskyldu að höfðu samráði við sveitarstjórn að uppfylltu því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrættinum skal ekki beitt ef endurbygging er ekki heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþoli ræður ekki.

Ef váttryggingarbætur eru hærri en 15% af váttryggingarfjárhæð húseignarinnar eða hefur áhrif á öryggi húseignarinnar eða hollustuhætti ber NTÍ að tryggja að váttryggingarbótum sé réttilega varið áður en þær eru greiddar tjónþola.

Sjá nánar 15. gr. laga nr. 55/1992

AURSKRIFUR Á SEYÐISFIRÐI Í DESEMBER 2020



Náttúruhamfaratrygging
Íslands

UPPLÝSINGAR TIL EINSTAKLINGA

HLUTVERK NTÍ

NTÍ er opinber stofnun sem hefur það hlutverk að váttryggja helstu verðmæti gegn eftirfarandi náttúruhamförum:

- Eldgosum
- Jarðskjálftum
- **Skriðuföllum**
- Snjóflóðum
- Vatnsflóðum

Aurskriður flokkast undir skriðuföll í lögum um NTÍ og því eru tjón sem verða á váttrygðum eignum af þeirra völdum, bótaskyld hjá stofnuninni.

Eigandi ber 2% eigin áhættu af hverju tjóni, en þó að lágmarki kr. 400.000 í hverju tjóni á húseign og kr. 200.000 á lausafé (innbúi).

Sjá nánar í lögum nr. 55/1992 um NTÍ, reglugerð nr. 700/2019 og á heimasíðu stofnunarinnar á www.nti.is

HVAÐ ER TRYGGT OG HVERNIG?

Allar húseignir á Íslandi eru náttúruhamfaratryggðar hjá NTÍ. Innheimtan fer fram í gegnum almennu váttryggingafélögin.

Ef lausafé (innbúi) er brunatryggt hjá almennu váttryggingafélagunum (t.d. með heimilistryggingu) er það einnig váttryggt hjá NTÍ.

Iðgjaldið nemur 0,025% af brunabótamati hins váttryggða.

HVAÐ FELLUR UTAN TRYGGINGA?

Lausafé (innbúi) sem ekki er váttryggt gegn bruna hjá almennu váttryggingafélagi (Sjóvá, VÍS, Verði eða TM).

Ef brunabótamat hefur ekki verið uppfært til samræmis við endurbætur húseignar eða eign er mjög gömul getur skapast mismunur á váttryggingarfjárhæð og raunverulegu tjóni.

TJÓNSTILKYNNINGAR Á WWW.NTI.IS

Mikilvægt er að tilkynna um tjón sem allra fyrst til að unnt sé að hefja skipulag matsstarfa.

Tjón eru tilkynnt á heimasíðu Náttúruhamfaratryggingar Íslands, www.nti.is. Efst í hægra horni síðunnar er hnappur sem heitir "Tilkynna tjón".

Þið skráið ykkur inn með rafrænum skilríkjum eða Íslykli og skráið stutta lýsingu á tjóninu.

Ef þið lendið í vandræðum með skráningu á tjónstilkynningu þá hafið samband í síma 575-3300 eða í spjallglugga neðst í vinstra horni á heimasíðu NTÍ.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á nti@nti.is og óska eftir að haft verði samband við ykkur í síma.

Tengiliðir á Seyðisfirði:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir
framkvæmdastjóri
s.892-1110

Jón Örvar Bjarnason
sérfræðingur í tjóna- og áhættumati
s. 897-5973